

Útdráttur

Í lokaverkefni þessu er sagt frá PMT-foreldrafærni (*Parent Management Training*) SMT-skólafærni og þróunarverkefninu SMT-skólafærni í leikskólanum Sólbrekku, undirbúningi þess og framkvæmd. Markmið þróunarverkefnisins var að skapa jákvætt andrúmsloft í skólanum svo að börn og starfsfólk geti fundið sig örugg og liðið vel. Settar voru upp einfaldar, skýrar reglur til að auðvelda börnunum að tileinka sér verkefnið. PMT verkfærin fyrirmæli, hvatning og að setja mörk voru einnig kynnt. Könnun var lögð fyrir starfsmenn skólans til að fá vitneskju um viðhorf þeirra til SMT skólafærni. Niðurstöður sýndu að 96% starfsfólks leit verkefnið jákvæðum augum sem bendir til þess að aðferðir SMT-skólafærni henti vel í leikskólum.